

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 284/2023

frá 27. október 2023

um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/944 frá 17. janúar 2023 um breytingu og leiðréttingu á tæknilegum eftirlitsstöðlum sem mælt er fyrir um í framseldri reglugerð (ESB) 2017/587 að því er varðar tilteknar kröfur um gagnsæi sem gilda um viðskipti með hlutabréfagerninga ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/945 frá 17. janúar 2023 um breytingu á tæknilegum eftirlitsstöðlum sem mælt er fyrir um í framseldri reglugerð (ESB) 2017/583 að því er varðar tilteknar kröfur um gagnsæi sem gilda um viðskipti með aðra gerninga en hlutabréfagerninga ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/960 frá 1. febrúar 2023 um breytingu á tæknilegum eftirlitsstöðlum sem mælt er fyrir um í framseldri reglugerð (ESB) 2017/588 að því er varðar árlegan gildistöðudag útreikninganna á meðalfjölda viðskipta á dag með hlutabréf, heimildarskírteini og kauphallarsjóði að því er varðar verðskref ⁽³⁾.
- 4) IX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

IX. viðauka við EES-samninginn er breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 31bzd (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/587):

„— **32023 R 0944:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/944 frá 17. janúar 2023 (Stjtið. ESB L 131, 16.5.2023, bls. 1).“

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 131, 16.5.2023, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 131, 16.5.2023, bls. 17.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 129, 16.5.2023, bls. 1.

2. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 31baz (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/583):

„– **32023 R 0945:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/945 frá 17. janúar 2023 (Stjtið. ESB L 131, 16.5.2023, bls. 17).“

3. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 31baze (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/588):

„– **32023 R 0960:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/960 frá 1. febrúar 2023 (Stjtið. ESB L 129, 16.5.2023, bls. 1).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldra reglugerða (ESB) 2023/944, (ESB) 2023/945 og (ESB) 2023/960, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 28. október 2023, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 27. október 2023.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Pascal Schafhauser

formaður

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.